

Fræðsla í Búrfellsgjá 21.11.15

Textinn á fræðsluskiltinu um Búrfellsgjá ásamt smá viðbót hér og þar!

Búrfellsgjá

Gjáin heitir eftir Búrfelli sem er sú eldstöð sem Búrfellshraun rann frá. Miklar hrauntraðir mynduðust þegar hraunelfi rann úr gígnum og myndaði eins konar farveg. Stærstu hrauntraðirnar nefnast Búrfellsgjá, Kringlóttagjá, Lambagjá og Selgjá. Búrfellsgjá er um 3,5 km á lengd og var friðlýst árið 2014 ásamt Búrfelli og eystri hluta Selgjár.

Gjáarétt

Gjáarétt (Gjárétt/ Gjáarrétt) er hlaðin úr hraungrýti enda er gnægð af því byggingarefni nærtækt. Veggir, sem enn standa, bera verklagi hleðslumanna gott vitni. Líklegt er að Gjárétt hafi verið fjallskilarétt (lögrétt) frá 1840 og fram yfir 1920. Þó var smalað til Gjáréttar fram á fimmta áratug síðustu aldar.

Leitir voru þrjár, suðurleit, miðleit og norðurleit. Í suðurleit var leitað suður fyrir Kleifarvatn og um fjalllendið, í miðleit var leitarsvæðið í Kristjánisdölum og hlíðunum þar upp af, í Grindaskörðum og svo sem land liggur til norðurs að Húsfelli og var stundum sent í Brennisteinsfjöll, en norðurleit náði frá Húsfelli norður um Tungur.

Vatnsgjáin

Vatnsgjá er þröng, dimm og djúp. Um fimm til sex metrar eru frá brún niður að vatnsborði. Hlaðin hafa verið þrep niður að vatninu. Er því ekki erfitt að komast þangað, þótt annað megi virðast við fyrstu sýn. Vatnið í gjánni er ferskt og gott, enda forsenda staðsetningar réttarinnar í Búrfellsgjá. Ætla má að selin í Selgjá hafi notið þessa vatnsbóls.

Réttargerðið

Gerðið er hviðt í vesturbarmi Búrfellsgjár, skeifulaga og hömrum girt á þrjá vegu. Fjársafnið var geymt í gerðinu nóttina áður en réttað var. Garður hefur verið á milli réttarinnar og gerðisins til að auðvelda innrekstur í almenninginn. Innst í réttargerðinu undir berginu er hlaðið byrgi, sennilega skjól og gistirými. Þarna kann að hafa verið selstaða fyrir tíma réttargerðisins en ógreinilegar tóftir virðast vera fyrir framan innganginn í gerðið.

Tóftir við austurbrún

Austanhalt á móti réttargerðinu, undir austurbarmi Búrfellsgjár, gefur að líta hleðslur sem minna á seljarústir. Við hliðina á þessum rústum og til suðurs er hlaðið byrgi, miklu nýlegra, sem líkist fjárbyrgi en hefur nú verið raskað töluvert.

Krýsuvíkur – Gvendur (spurning hversu áreiðanlegar þessar heimildir eru en ágætis saga um hann).Það hefur verið sagt um Krýsuvíkur-Gvend að úr Krýsuvíkurhverfi hafi hann hafa farið inn í Garðahrepp, líklega að Setbergi, því að öllum ber saman um það, að hann hafi haldist við í Gjáarétt með fé sitt og sér enn merki þess. Einnig var hann um tíma með féð uppi í Bakhlíðum og sér þar votta fyrir byrgi sem við hann er kennt, Gvendarbyrgi. Enn er þess að geta að Guðmundur var um stundarsakir í Straumsseli í Hraunum, þá líklega búlaus. Þaðan seldi hann sauði sína í

Bessastaðaskóla. Guðmundur Bjarnason var talinn sérkennilegur í mörgu, einrænn og dulur í skapi, en kjarkmaður og einbeittur, skýr í hugsun og þrekmikill, og sumir töldu hann fjölkunnugan. Í norðaustanverðri Búrfellsgjá má sjá myndarlega fyrirhleðslu við aflangan skúta. Lítið er eftir af hleðslunni, enda hafa kvikmyndagerðarmenn og aðrir farið höndum um grjótið síðan mannsmynd var á fyrirhleðslunni. (<http://www.ferlir.is/?id=6765>)

Dúkkubæir

Til gamans má nefna að nálægt lokum seinni heimstyrjaldarinnar voru reist í Búrfellsgjá tvö mannvirki, smá í sniðum. Þetta voru litlir burstabæir („dúkkubæir“), sem helst minntu á byggðir álfa eða huldufólks. Annar bærinn stóð í réttargerðinu en hinn var framan undir skúta í austurbrún gjárinnar, austanhallt á móti gerðinu. Bæi þessa reisti Ottó Guðbrandsson (fæddur 1899), verkamaður í Reykjavík. (Áfangar. Ferðahandbók hestamanna, bls. 253-254).

Tóftir við hamar

Við hamravegininn austanmegin, þegar komið er inn gjána, eru ógreinilegar tóftir og varða. Stekkur er aftur á móti augljós og má geta sér til að hér hafi staðið sel.

Garðaflatir

Forn selstaða var á austanverðum flötunum í lágri brekku, þar sem er að finna misgreinilegar húsatóftir, byrgi, vörður og garða.

Sagnir

Skemmtilegar sagnir um Garða hafa spunnist um örnefnið Garðaflatir í hinu forna afréttarlandi Álftaneshrepps og birtust hjá Sigurði Nordal og Þórbergi Þórðarsyni í Gráskinnu árið 1928: „Sagt er að Garðar og Garðakirkja hafi einu sinni verið á Garðaflötum, sem eru skammt fyrir innan Hafnarfjörð, en hafi verið flutt, þegar hraunið rann á. Sagan segir, að fólkið í Görðum hafi flúið undan hrauninu með ljós í hendi, en svo hafi verið um mælt, að kirkjuna skyldi reisa þar, sem ljósið slokkaði, en það var þar, sem nú er kirkjan og Garðastaður. [...] Maður nokkur var eitt sinn við slátt á Garðaflötum. Þúfurnar, sem hann var að slá, sýndist honum líkjast leiðum í kirkjugarði. Ein þúfan var stærst, og hugsar hann með sér, að gaman væri nú að vita, hver lægi undir þessu leiði. Syfjar hann þá bráðlega og getur ekki varizt svefni. Hann dreymir að maður tígulegur kemur til hans og segir: „Fyrst þig langar til að vita, hver hér liggur, þá hét sá Þórður og var prestur hér. Síðasta verk hans var að jarðsyngja sjö manneskjur.“ Sú tilgáta fylgir sögunni, að þetta hafi verið í svartadauða. Ýms merki þess má sjá, enn þann dag í dag, að byggð hafi verið á Garðaflötum; þar eru garðahleðslur miklar, og víða sjást húsarústir og sumar mjög stórar um sig. Hlaðinn brunnur kvað og hafa sézt til skamms tíma.“ Í sagnabáttum sínum árið 1951 telur Ólafur Þorvaldsson einnig að umgetnar flatir hafi fengið nafn af Görðum en skýring hans er þó jarðbundnari: „Allt land þarna umhverfis og langt út frá er hið forna land Garðakirkju á Álftanesi [...] Ekki er ósennilegt, þegar stórt var búið í Görðum fyrr á tímum, að Garðaprestar hafi notað nokkuð þá ágætu vetrarheit, sem er um þessar

slóðir, til dæmis framan af vetri, og látið halda fé þarna efra, því að nóg er þar góðra skjóla í hellum og öðrum afdrepum.“ Ólafur segir auk þess frá því að fólk sem komið var til réttar hafi skemmt sér og dansað á Garðaflötum. (Ólafur Þorvaldsson 1951. Harðsporar.

Fjárskjól

Efst í Búrfellsgjá er að finna helli sem er mannhæðarhár þegar inn er komið og með fyrirhleðslum. Hann hefur verið nýttur til að skýla fé.

Samantekt

Ragnheiður Traustadóttir